

Vegagerðin  
Gunnar H. Jóhannesson  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

2006030086  
5508; 4908; 9310

Reykjavík, 27. apríl 2006

### **Efni: Hringvegur um Hrútafjörð, Brú-Staðarskáli í Bæjarhreppi og Húnaþingi vestra. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 24. mars 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um breytingar á Hringvegi í Hrútafirði milli Brúar og Staðarskála samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Fornleifaverndar ríkisins, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Bæjarhreppi með bréfi dags. 17. apríl 2006, Húnaþingi vestra með bréfi dags. 19. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. apríl 2006, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 26. apríl 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. apríl 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 19. apríl 2006.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Vegagerðin fyrirhugar að endurgera Hringveg í Hrútafirði, á 7,6 km kafla sem hefst um 0,9 km sunnan við Brú, þverar Hrútafjörðinn á nýjum stað og endar 1 km norðan Staðarskála í landi Staðar. Framkvæmdin felst einnig í gerð þriggja nýrra vegtenginga; að Brú, að Djúpvegi og að núverandi Hringvegi við Staðarskála. Um 3,1 km framkvæmdarinnar fylgja núverandi vegi en um 4,5 km teljast nýlagning. Í tengslum við framkvæmdina verður byggð ný tvíbreið brú yfir Hrútafjarðará og einbreið brú yfir Selá á Djúpvegi verður breikkuð. Áætluð efnisþörf í verkið er 129 þús m<sup>3</sup> og verður efni tekið úr vegskeringum og námum við Bláhæð, Brú, Mela, Selá, Kvígugil og Brandagil. Efni hefur verið tekið úr öllum námunum áður.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband á Hringvegi og stytta leiðina um Hrútafjarðarbotn. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Norðurlandi vestra. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisáhrif nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi vegfarenda. Framkvæmdin er á vegáætlun 2005-2008. Áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2006. Áætluð verklok eru haustið 2007.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að bygging Hringvegjar og tengingar við Djúpveg muni hafa áhrif á landnotkun á svæðinu þar sem vegurinn liggja um tún og beitarlönd. Á 660 m löngum kafla skeri hann tún Fögrubrekku og Staðar og þar þurfi því að girða meðfram veginum. Gera þurfi breytingar á raflínum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og verði haft samráð við Rarik um slíkar aðgerðir.

**Áhrif á ásýnd lands.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ásýnd lands á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði hafi að mestu verið raskað með vegagerð og landbúnaði. Gert sé ráð fyrir að þar sem ný veglína víki út af núverandi vegi og þveri Hrutafjarðarbotn og liggja í hlíðunum norðvestan við Staðarskála megi gera ráð fyrir að framkvæmdin hafi talsverð áhrif á landslag. Að öðru leyti sé reiknað með að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landslag. Gengið verði frá vegsvæði og efnistökusvæðum þannig að vegurinn og efnistökusvæðin falli vel að landi. Að lokinni landmótun verði metið hvar sá skuli í vegskeringar, vegkanta og námusvæði. Reiknað er með að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni rask af völdum framkvæmdarinnar hverfa nokkuð fljótt.

**Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að búast megi við að umferð um svæðið tefjist eitthvað meðan á framkvæmdum standi vegna efnisflutninga yfir og eftir núverandi brúm og vegum. Þegar framkvæmdum á kaflanum ljúki verði samgöngur öruggari en nú, þegar breidd og hæðarlega vegarins hefur verið bætt og krappar beygjur og einbreiðar brýr verið aflagðar. Með tilkomu nýs vegar um Hrutafjarðarbotn muni leiðin fyrir botninn styttest um tæpa 7,2 km.

**Áhrif á laxfiska og veiði.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdastigi sé gert ráð fyrir að Hrutafjarðará verði áfram í farvegi sínum. Farvegi Selár verði breytt við ármót Selár og Hrutafjarðará. Hugsanlegt sé að við byggingu brúar yfir Hrutafjarðará muni verktaki byggja bráðabirgðaundirstöður úti í ánni. Við það gæti grugg í ánni aukist tímabundið og staðbundið á framkvæmdatíma. Reiknað sé með að gruggið verði óverulegt en það kunni að hafa í för með sér að eitthvað af seiðum og smádýrum drepist. Til að draga úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Hrutafjarðará muni Vegagerðin í útboðsgögnum um framkvæmd verksins, ítreka ábyrgð verktaka og m.a. taka fram að ekki verði leyft að geyma mengandi efni eða reisa vinnubúðir fast við Hrutafjarðará. Gerðar verði kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.

Fram kemur að stjórn veiðifélags Hrutafjarðará og Síkár beini þeim eindregnu tilmælum til Vegagerðarinnar að engar framkvæmdir verði í eða við Hrutafjarðará á veiðitíma, þ.a.s. frá 1. júlí til 30. september. Vegagerðin telji að ekki sé hægt að komast hjá framkvæmdum við ána á veiðitíma en ef raska þurfi botni árinna verði miðað við að framkvæmdir í ánni verði utan veiðitíma. Þannig verður hægt að minnka verulega áhrif framkvæmdarinnar á lífríki árinna.

**Áhrif á gróður og fugla.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Framkvæmdin fari að hluta til um svæði sem raskað hafi verið við eldri vegagerð auk annars umbreytts lands, eins og tún og beitilönd. Ekki sé talið að fágætar plöntur séu í hættu vegna framkvæmdarinnar. Við frágang svæðisins muni Vegagerðin græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskist við framkvæmdina. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum standi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort fyrirhuguð breyting á veginum um Hrutafjörð muni raska búsvæðum fugla. Því sé ekki hægt að segja til um hvort framkvæmdin muni hafa áhrif á fugla.

**Áhrif á menningarminjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að

fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á fornleifar því hún raski fornleifum á fjórum stöðum. Þ.e. tveimur heystæðum (142188-108-4) og (144048-5-3), gömlum reiðgötum (144048-5-4) og stekk (144048-5-1). Í samráði við Minjavörð Norðurlands vestra var tekin ákvörðun um sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fá að raska viðkomandi fornleifum. Fornleifaverndin hafi farið fram á að nauðsynlegt hafi verið að rannsaka fornleifina, 144048-5-3, áður en slíkt leyfi yrði veitt.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að staðfest Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015, nái einungis yfir Borðeyri. Skipulagsstofnun bendir á að Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015 nær yfir framkvæmdasvæðið. Fram kemur að í staðfestu Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002–2014 sé gert ráð fyrir að Hringvegurinn geti annað hvort verið í núverandi legu eða í breyttri legu, þ.e.a.s. að hann liggi út af núverandi vegi skammt norðan Staðarskála, niður brekkuna vestan skálans og yfir Hrútafjarðará skammt norðan við ármót hennar og Síkár. Þaðan liggi vegurinn svo áfram inn eyrarnar vestan Hrútafjarðará og komi inn á Djúpveg um 500 m sunnan brúar á Selá.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Allir umsagnaraðilar telja að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á votlendi.** Umhverfisstofnun bendir á að þar sem vegurinn verði lagður yfir síki ætti að setja niður ræsi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi muni Vegagerðin tryggja rennsli vatns í ám, síkjum og lækjarfarvegum sem vegaf framkvæmdin raski.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að farið hafi verið fram á nánari rannsókn á fornleifum nr. 144048-5-1 áður en til framkvæmda kæmi. Í niðurstöðum skýrslu um rannsóknina komi fram að rannsóknin hafi staðfest að um stekk eða rétt sé að ræða og ekki sé að finna merki um að þarna hafi verið mannabústaður. Fornleifavernd ríkisins telji rannsóknina fullnægjandi og geri ekki frekari athugasemdir við veglínuna eins og hún sé skilgreind og sýnd í skýrslu. Í skýrslu Vegagerðarinnar komi fram að sérstök aðgát verði höfð við fornleifar nr. 144048-5-2 og 144019-6-1 en það séu þær fornleifar sem séu í nágrenni framkvæmdasvæðis. Þessar fornleifar verði afgirtar með áberandi borða til að koma í veg fyrir rask af völdum framkvæmdanna.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu á 4,5 km og endurbyggingu á 3,1 km vegarkafli á Hringvegi milli Brúar í Bæjarhreppi og Staðarskála í Húnaþingi vestra. Ný veglína mun liggja að hluta um áreyrar Hrútafjarðará. Byggðar verða vegtengingar að Brúarskála, að Djúpvegi og að núverandi Hringvegi hjá Staðarskála. Í tengslum við framkvæmdina verður ný tvíbreið brú byggð yfir Hrútafjarðará og brú yfir Selá breikkuð. Brýrnar koma í stað núverandi brúar yfir Hrútafjarðará sem er með slæma aðkomu og fremur hættuleg og einbreiðrar brúar yfir Síká sem einnig er varasöm. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á ásýnd lands þar sem nýr vegur kemur til með að liggja þar sem engin vegur var áður en að áhrif þess

verði ásættanleg. Að mati stofnunarinnar er ekki líklegt að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði veruleg þegar til lengri tíma er litið en stofnunin leggur áherslu á að fylgt verði þeirri frágangstilhögun sem kynnt er í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa í för með sér jákvæð áhrif á samgöngur og umferðaröryggi. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að afmarka fornleifar nr. 144048-5-2 og 144019-6-1 sem eru í nánd við framkvæmdasvæðið. Að því tilskildu telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á fornleifar. Auk þess telur Skipulagsstofnun að til að lágmarka áhrif framkvæmdanna á lífríki ána og laxveiðar þá sé brýnt að ekki verði hróflað við farvegum eða botni ána á veiðitíma, frá 1. júlí til 30. september. Verði þess gætt þá muni framkvæmdirnar hafa óveruleg áhrif á lífríki ána og laxveiðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdir við Hringveg milli Brúar og Staðarskála í Hrótafirði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er hvorki í samræmi við Aðalskipulag Húnaþings vestra 2002-2014 né Aðalskipulag Bæjarhrepps 1995-2015 og kallar því á breytingar á þeim.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bæjarhrepps og Húnaþings vestra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf Vegagerðin að leggja fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2006.

Sigurður Ásbjörnsson

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Bæjarhreppur, Húnaþing vestra, Fornleifavernd ríkisins, Landbúnaðarstofnun og Umhverfisstofnun.